

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 31. mars 2025

Efnisyfirlit

Mælikvarðar og umfang þjónustu	3
Yfirlit stjórnenda	4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	5
Rekstrarreikningur	6
Yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjáryfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11




Orkuveitan leggur sérstaka áherslu á þessi
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfseminni:




Mælikvarðar


Eiginfjárhlutfall




Arðsemi heildareigna



Nettó skuldir / handbært fé frá rekstri




Veltufjárhlutfall án álafleiðu



*Leiðrétt fyrir uppgjöri vegna gjaldmiðlasamnings við Glitni

Þjónustan



Yfirlit stjórnenda

Rekstrarár	2025	2024	2023	2022	2021
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
<i>Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs í milljónum kr.</i>					
Rekstrartekjur	18.839	17.841	16.236	15.664	13.749
Rekstrarkostnaður (	6.372) (	6.862) (	6.390) (	5.369) (	4.495)
þ.a. orkukaup og flutningur (	1.542) (	2.142) (	2.289) (	1.847) (	1.684)
EBITDA	12.467	10.979	9.846	10.295	9.253
Afskriftir (	4.303) (	4.107) (	3.829) (	3.302) (	3.336)
Rekstrarhagnaður EBIT	8.164	6.873	6.017	6.993	5.917
Sjóðstreymi					
Innleystar vaxtatekjur	82	54	31	8	7
Greidd vaxtagjöld (	1.865) (	1.802) (	1.465) (	1.039) (	976)
Handbært fé frá rekstri	10.506	8.144	8.072	3.741	7.653
Veltufé frá rekstri	9.387	7.986	7.893	7.962	6.990
Lausafé					
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf	12.464	9.897	12.112	15.046	12.839
Handbært fé	22.309	8.618	4.876	7.322	14.967
Óáðregnar lánalínur	15.203	10.265	9.100	7.570	13.133
Lausafé samtals	49.976	28.779	26.088	29.938	40.939

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur (Orkuveitan) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Lögbundið hlutverk Orkuveitunnar er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig hefur Orkuveitan með höndum starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysanlegra gastegunda í jörðu.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Orkuveitunnar og dótturfélaga. Árshlutareikningur þessi er ekki kannaður af endurskoðanda fyrirtækisins.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2025 nam 4.464 milljónum kr. (1.1.-31.3.2024: hagnaður að fjárhæð 2.902 milljónir kr.). Heildarafkoma samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2025 var jákvæð um 1.152 milljónir kr. (1.1.-31.3.2024: jákvæð um 4.134 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 515.167 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2024: 509.953 milljónir kr.). Eigið fé nam 266.884 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2024: 265.732 milljónir kr.) og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 51,8% (31.12.2024: 52,1%).

Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru:	Eignarhluti
Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Að álitum stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2025 ásamt rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2025.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025.

Reykjavík, 26. maí 2025.

Í stjórn fyrirtækisins:

Gylfi Magnússon
Vala Valtýsdóttir
Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir
Skúli Þór Helgason
Þórður Ísberg Gunnarsson
Valgarður Lyngdal Jónsson

Forstjóri:

Sævar Freyr Þráinsson

Rekstrarreikningur

1. janúar til 31. mars 2025

	Skýr.	2025 1.1.-31.3.	2024 1.1.-31.3.
Rekstrartekjur	4	18.850.304	17.697.036
Innlausn álvarna	(	27.463)	137.982
Söluhagnaður		16.046	6.094
Rekstrartekjur samtals		18.838.886	17.841.112
Orkukaup og orkuflutningur	(	1.542.374)	(2.142.001)
Laun og launatengd gjöld	6	(2.747.448)	(2.556.108)
Annar rekstrarkostnaður	(	2.081.806)	(2.163.530)
Rekstrargjöld samtals	(	6.371.628)	(6.861.639)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		12.467.258	10.979.473
Afskriftir	(	4.302.827)	(4.106.723)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		8.164.431	6.872.750
Vaxtatekjur		316.903	117.985
Vaxtagjöld	(	3.599.995)	(3.859.956)
Aðrar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum		301.591	165.843
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	7	(2.981.501)	(3.576.128)
Áhrif hlutdeildarféлага		2.902	3.943
Hagnaður fyrir tekjuskatt		5.185.832	3.300.565
Tekjuskattur	(	722.233)	(398.918)
Hagnaður tímabilsins		4.463.599	2.901.648
Skipting hagnaðar			
Eigendur fyrirtækisins		4.463.770	2.901.769
Minnihluti í dótturfélögum	(	171)	(122)
Hagnaður tímabilsins		4.463.599	2.901.648

Skýringar á bls. 11-22 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. mars 2025

	2025 1.1.-31.3.	2024 1.1.-31.3.
Hagnaður tímabilsins	4.463.599	2.901.648
Önnur heildarafkoma		
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning		
Þýðingarmunur	(3.311.227)	1.232.751
Önnur heildarafkoma eftir skatta	(3.311.227)	1.232.751
Heildarafkoma	<u>1.152.373</u>	<u>4.134.398</u>

Skýringar á bls. 11-22 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 31. mars 2025

	Skýr.	31.3.2025	31.12.2024
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	445.520.464	449.315.631
Óefnislegar eignir	10	6.289.570	6.246.068
Leigueign		2.350.191	2.346.362
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum		91.569	88.667
Eignarhlutar í öðrum félögum		6.230.898	6.243.980
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		490.965	406.754
Áhættuvarnarsamningar		49.490	63.086
Tekjuskatteign		6.539.519	6.166.858
Fastafjármunir samtals		467.562.666	470.877.406
Birgðir		1.426.633	1.632.118
Viðskiptakröfur	8	9.361.582	7.829.583
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		239.547	275.913
Áhættuvarnarsamningar		86.203	94.574
Aðrar skammtímakröfur		969.940	927.652
Fyrirframgreiddur kostnaður		747.622	283.101
Markaðsverðbréf		12.463.753	11.594.110
Handbært fé		22.309.408	16.438.122
Veltufjármunir samtals		47.604.689	39.075.173
Eignir samtals		515.167.354	509.952.580
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		126.541.053	127.809.202
Bundinn hlutdeildarreikningur		100.321.002	94.950.622
Bundið eigið fé vegna þróunar		235.843	218.177
Gangvirðisreikningur		5.807.000	5.807.000
Þýðingarmunur		6.527.372	9.838.598
Óráðstafað eigið fé		27.452.455	27.108.582
Eigið fé móðurfyrirtækis		266.884.725	265.732.181
Hlutdeild minnihluta	(	385)	(219)
Eigið fé samtals		266.884.340	265.731.962
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir		186.201.742	184.597.864
Leiguskuld		2.274.586	2.308.413
Lífeyrisskuldbinding		710.369	739.347
Áhættuvarnarsamningar		5.865	10.643
Fyrirframinnheimtar tekjur		1.689.998	1.873.970
Tekjuskattsskuldbinding		22.862.752	23.153.094
Langtímaskuldir samtals		213.745.312	212.683.332
Viðskiptaskuldir		3.220.230	3.924.652
Vaxtaberandi skuldir		20.660.421	19.958.999
Leiguskuld		173.749	177.887
Áhættuvarnarsamningar		77.029	117.432
Fyrirframinnheimtar tekjur	8	922.064	266.018
Tekjuskattur til greiðslu		1.162.503	2.812.055
Aðrar skammtímaskuldir		8.321.706	4.280.241
Skammtímaskuldir samtals		34.537.702	31.537.286
Skuldir samtals		248.283.014	244.220.617
Eigið fé og skuldir samtals		515.167.354	509.952.580

Skýringar á bls. 11-22 eru óaðskiljanlegur hluti árs hlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 31. mars 2025

	Endurmats- reikningur rekstrarfjárm.	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundið eigið fé v. þróunar	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé meirihluta- eigenda	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
1.1.-31.3. 2025									
Eigið fé 1. janúar 2025	127.809.202	94.950.622	218.177	5.807.000	9.838.598	27.108.582	265.732.181	(219)	265.731.962
Þýðingarmunur					(3.311.227)		(3.311.227)		(3.311.227)
Hagnaður tímabilsins						4.463.770	4.463.770	(171)	4.463.599
Heildarafkoma	0	0	0	0	(3.311.227)	4.463.770	1.152.543	(171)	1.152.373
Innlaun endurmats vegna afskrifta	(1.268.149)					1.268.149	0		0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarf. umfram móttækinn arð		5.370.380				(5.370.380)	0		0
Aðrar breytingar								5	5
Bundið eigið fé vegna þróunar			17.667			(17.667)	0		0
Eigið fé 31. mars 2025	126.541.053	100.321.002	235.843	5.807.000	6.527.372	27.452.455	266.884.725	(385)	266.884.340
1.1.-31.3. 2024									
Eigið fé 1. janúar 2024	130.534.225	82.377.266	137.330	5.807.000	8.778.883	31.348.927	258.983.631	290	258.983.922
Þýðingarmunur					1.232.751		1.232.751		1.232.751
Hagnaður tímabilsins						2.901.769	2.901.769	(122)	2.901.648
Heildarafkoma	0	0	0	0	1.232.751	2.901.769	4.134.520	(122)	4.134.398
Innlaun endurmats vegna afskrifta	(1.281.232)					1.281.232	0		0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarf. umfram móttækinn arð		3.650.042				(3.650.042)	0		0
Aðrar breytingar								(2)	(2)
Bundið eigið fé vegna þróunar			(1.066)			1.066	0		0
Eigið fé 31. mars 2024	129.252.994	86.027.308	136.264	5.807.000	10.011.633	31.882.952	263.118.152	167	263.118.319

Skýringar á bls. 11-22 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 31. mars 2025

	2025 1.1.-31.3.	2024 1.1.-31.3.
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	4.463.599	2.901.648
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2.981.501	3.576.128
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	(2.902)	(3.943)
Tekjuskattur	722.233	398.918
Afskriftir	4.302.827	4.106.723
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(16.046)	(6.094)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(28.978)	8.219
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	12.422.234	10.981.598
 Birgðir, lækkun	205.485	18.803
Skammtímakröfur, hækkun	(2.079.481)	(2.258.406)
Skammtímaskuldir, hækkun	2.138.992	1.500.889
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	12.687.230	10.242.884
 Innborgaðar vaxtatekjur	81.929	54.382
Greidd vaxtagjöld	(1.864.796)	(1.802.056)
Mótttekinn arður	1.195	220
Greiddir skattar	(399.419)	(351.405)
Handbært fé frá rekstri	10.506.139	8.144.024
 Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(6.408.545)	(6.272.906)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(257.549)	(221.656)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	34.259	10.051
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	0	(3.500)
Sala á eignarhlutum í félögum	17.484	200
Breyting á markaðsverðbréfum	(793.030)	(1.011.406)
Fjárfestingarhreyfingar	(7.407.382)	(7.499.216)
 Fjármögnunarhreyfingar		
Tekin ný langtímalán	10.134.426	1.776.491
Afborganir langtímaskulda	(7.226.200)	(4.219.944)
Fyrirframinnheimtar tekjur	(66.243)	0
Afborganir leiguskulda	(48.090)	(41.471)
Fjármögnunarhreyfingar	2.793.894	(2.484.923)
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé	5.892.652	(1.840.115)
 Handbært fé í ársbyrjun	16.438.122	10.342.367
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(21.366)	115.689
Handbært fé í lok tímabilsins	22.309.408	8.617.941
 Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	883.009	726.373
Skammtímaskuldir, breyting	(883.009)	(726.373)
 Aðrar upplýsingar		
Veltufé frá rekstri	9.387.093	7.985.989

Skýringar á bls. 11-22 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Orkuveita Reykjavíkur (Orkuveitan) er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveitan er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Orkuveitunnar geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum dótturfélög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu, ljósleiðara og kolefnisförgun á þjónustusvæði sínu.

Dótturfélög í samstæðunni	Meginstarfsemi	Starfrækslu- gjaldmiðill	Eignarhluti	
			31.3.2025	31.12.2024
Ljósleiðarinn ehf.	Gagnaflutningar	ISK	100%	100%
OR Eignir ehf.	Eignarhaldsfélag	ISK	100%	100%
Veitur ehf.	Uppbygging og rekstur veitukerfa	ISK	100%	100%
Orka náttúrunnar ehf.	Vinnsla og sala rafmagns	ISK	100%	100%
ON Power ehf.	Vinnsla og sala rafmagns	USD	100%	100%
OR - vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi	ISK	100%	100%
Eignarhaldsfélagið Carbfix ehf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun	ISK	99,9%	99,9%
Carbfix hf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun	EUR	100%	100%
Coda Terminal hf.	Uppbygging og rekstur á móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð.	EUR	100%	100%

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, *árshlutareikningsskil*. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2024. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2024. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu á vef þess www.orkuveitan.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins 26. maí 2025.

b. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill Orkuveitunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

c. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 40 með ársreikningi 2024.

d. Erlendir gjaldmiðlar

i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðuafélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

Skýringar

2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.

d. Erlendir gjaldmiðlar

ii) Dótturfélög með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu

Eignir og skuldir starfsemi félaga samstæðunnar sem hafa bandarískan dollar (USD) og Evru (EUR) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessara starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða að öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

e. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga

Eftirfarandi eru upplýsingar um starfsemi samstæðufélaga. Sundurliðun tekna eftir afurðum er að finna í skýringu nr. 4 og tekjur eftir starfsþáttum í skýringu nr. 5.

Vörur og þjónusta

Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

a. Sala á rafmagni

ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu og sölu á rafmagni og Veitur ohf. dreifa rafmagni skv. gjaldskrá. Tekjur af sölu og dreifingu á raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og á föstu gjaldi. Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi raforku og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á rafmagni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er undantekning.

b. Sala á heitu vatni

Veitur ohf., ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu á heitu vatni og Veitur ohf. annast dreifingu á heitu vatni. Tekjur af sölu og dreifingu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi hitaveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á heitu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er undantekning.

Skýringar

3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga, frh.

Vörur og þjónusta	Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar
c. Sala á köldu vatni	OR - Vatns- og fráveita sf. annast öflun og dreifingu á köldu vatni. Tekjur af sölu á köldu vatni taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár félagsins er 0,5% af fasteignamati. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni hjá tiltekinni atvinnustarfssemi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi vatnsveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á köldu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavinum gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.
d. Fráveita	OR - Vatns- og fráveita sf. annast rekstur fráveitu. Tekjur fráveitu taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi fráveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna fráveitu hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavinum gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.
e. Aðrar tekjur	Ljósleiðarinn ehf. sér um rekstur ljósleiðarakerfis. Tekjur af ljósleiðarakerfi eru færðar við afhendingu á vöru og þjónustu. Um er að ræða samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Fjarskiptastofu. Orkuveitan sér um leigu á húsnæði og búnaði, tilfallandi sölu á sérfræðiþjónustu og fleiru. Tekjur Carbfix félaganna eru vegna ráðgjafar, uppbyggingar og rekstrar á förgunarstöðum. Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Aðrar tekjur eru færðar við afhendingu á vöru eða þjónustu. Viðskiptakröfur vegna annarra tekna og leigutekna hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest.

4. Tekjur af vöru- og þjónustusölu

Tekjur samstæðunnar af sölu á vörum og þjónustu sundurliðast þannig:

	2025	2024
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Rafmagn.....	7.508.424	6.383.040
Heitt vatn.....	6.204.248	6.329.184
Kalt vatn.....	1.035.502	991.659
Fráveita.....	1.868.586	1.776.386
Aðrar tekjur.....	2.233.543	2.216.766
Tekjur af vöru- og þjónustusölu samtals.....	18.850.304	17.697.036

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf Orkuveitunnar. Starfspættir sem eru birtir eru *Veitur*, sem samanstanda af veiturekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, *Orkusala og framleiðsla* vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu og sölu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins, *Ljósleiðarans og Carbfix félaganna*. Móðurfyrirtækið sér um þjónustu við dótturfélög, leigu húsnæðis og búnaðar, tilfallandi sölu sérfræðiþjónustu og fleira. Ljósleiðarinn sér um rekstur ljósleiðarakerfis og Carbfix félögin vinna að þróun og útbreiðslu Carbfix kolefnisbindingaraðferðarinnar með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftlagsbreytingum. Við gerð starfspáttayfirlits er notast við sömu reikningsskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringu 40 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2024.

Rekstrarstarfspættir - svið

1.1.-31.3. 2025

	Veitur	Orkusala og framleiðsla	Önnur starfsemi	Jöfnunar- færslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	12.023.238	5.246.121	1.569.527	0		18.838.886
Tekjur innan samstæðu	1.402.501	2.061.931	2.885.843 (	6.350.275)		0
Tekjur starfspátta	13.425.739	7.308.052	4.455.370 (	6.350.275)		18.838.886
Rekstrargjöld starfspátta	(6.533.478)	(2.401.108)	(3.839.677)	6.299.793	102.842 (	(6.371.628)
Rekstrarhagnaður starfspátta, EBITDA	6.892.261	4.906.944	615.693 (	50.482)	102.842	12.467.258
Afskriftir	(1.941.942)	(1.564.036)	(805.496)	48.521 (	39.875)	(4.302.827)
Afkoma starfspátta, EBIT	4.950.319	3.342.908 (	189.803)	(1.960)	62.967	8.164.431
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1.236.726)	(591.042)	(1.194.121)	61.564 (	21.174)	(2.981.501)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	2.902	0		2.902
Tekjuskattur	(539.045)	(564.552)	415.068 (	17.990)	(15.714)	(722.233)
Hagnaður (tap) tímabilsins	3.174.548	2.187.313	(965.954)	41.614	26.079	4.463.599

1.1.-31.3. 2024

Tekjur frá þriðja aðila	11.744.250	4.541.771	1.555.090	0		17.841.112
Tekjur innan samstæðu	1.402.762	2.338.922	2.613.856 (	6.355.541)		0
Tekjur starfspátta	13.147.013	6.880.694	4.168.946 (	6.355.541)		17.841.112
Rekstrargjöld starfspátta	(6.804.779)	(3.149.087)	(3.321.184)	6.318.857	94.554 (	(6.861.639)
Rekstrarhagnaður starfspátta, EBITDA	6.342.234	3.731.607	847.762 (	36.683)	94.554	10.979.473
Afskriftir	(1.877.449)	(1.488.954)	(729.391)	23.634 (	34.562)	(4.106.723)
Afkoma starfspátta, EBIT	4.464.785	2.242.653	118.370 (	13.049)	59.992	6.872.750
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1.536.606)	(594.257)	(737.865)	(686.648)	(20.751)	(3.576.128)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	3.943	0		3.943
Tekjuskattur	(439.902)	(336.155)	129.187	262.707 (	14.754)	(398.918)
Hagnaður (tap) tímabilsins	2.488.277	1.312.241	(486.364)	(436.990)	24.486	2.901.648

* Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfspátta taka ekki mið af reglum IFRS 16.

Skýringar

5. Starfsþáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfsþættir - svið, frh.

	Veitur	Orkusala og framleiðsla	Önnur starfsemi	Jöfnunarfærslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Efnahagur (31.3.2025)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	240.629.515	149.749.324	61.627.125	(195.929)	2.350.191	451.810.034
Leigueignir						2.350.191
Aðrar eignir	31.701.670	12.704.066	212.411.302	(195.809.909)		61.007.129
						515.167.354
Vaxtaberandi skuldir	89.495.803	53.618.395	212.262.163	(148.514.198)	2.448.335	206.862.163
Leiguskuldir						2.448.335
Aðrar skuldir	20.615.340	14.111.590	51.789.968	(47.544.383)		38.972.516
						248.283.014
Fjárfestingar (1.1.-31.3.2025)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	3.145.780	1.229.256	1.408.049			5.783.085
Efnahagur (31.12.2024)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	239.425.677	155.293.802	61.051.212	(208.991)	2.346.362	455.561.699
Leigueignir						2.346.362
Aðrar eignir	28.982.860	10.579.703	205.143.898	(192.661.943)		52.044.519
						509.952.580
Vaxtaberandi skuldir	89.246.676	56.188.927	208.956.863	(149.835.603)	2.486.300	204.556.863
Leiguskuldir						2.486.300
Aðrar skuldir	20.116.367	13.825.084	46.260.508	(43.024.505)		37.177.454
						244.220.617
Fjárfestingar (1.1.-31.3.2024)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	2.850.793	1.260.060	1.649.488			5.760.341

* Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfsþátta taka ekki mið af reglum IFRS 16.

Skýringar

6. Laun og launatengd gjöld

	2025 1.1.-31.3.	2024 1.1.-31.3.
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	2.563.634	2.425.127
Mótframlag í lífeyrissjóði	331.312	307.315
Breyting lífeyrisskuldbindingar (	10.136)	25.125
Önnur launatengd gjöld	227.770	237.707
Laun og launatengd gjöld samtals	3.112.580	2.995.273
Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í árshlutareikninginn:		
Gjaldfært í rekstrarreikningi	2.747.448	2.556.108
Eignfært á framkvæmdir	365.131	439.164
Laun og launatengd gjöld samtals	3.112.580	2.995.273
Starfsfólk:		
Fjöldi ársverka	637,9	638,6
Starfskjör stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra/stýra móðurfyrirtækis og dótturfélaga greinast þannig:		
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð stjórnar móðurfyrirtækis	7.143	5.703
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð forstjóra móðurfyrirtækis	12.858	11.781
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð framkvæmdastjóra/stýra móðurfyrirtækis	30.081	25.539
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð stjórnar dótturfélaga	9.850	4.602
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð fjögurra framkvæmdastjóra dótturfélaga	42.657	39.120
	102.590	86.744

Skýringar

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2025 1.1.-31.3.	2024 1.1.-31.3.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur	316.903	117.985
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur	(2.151.306)	(1.975.103)
Áfallnar verðbætur	(1.369.050)	(1.783.590)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(79.639)	(101.263)
Vaxtagjöld samtals	(3.599.995)	(3.859.956)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	47.845	(698.689)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur	81.105	215.313
Óinnleystar gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga	23.216	89.037
Gengismunur	148.230	559.963
Arðstekjur	1.195	220
Aðrar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum samtals	301.591	165.843
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(2.981.501)	(3.576.128)

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til eigenda Orkuveitunnar vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar Orkuveitunnar árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,92% (2024: 0,86%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,69% (2024: 0,66%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 81 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2025 (1.1.-31.3.2024: 101 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 40 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2024. Gangvirðisbreyting sem færð er til tekna í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 152 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2025 (1.1.-31.3.2024: gjaldfærsla að fjárhæð 394 milljónir kr.). Gangvirðisbreytingar sem tilheyra fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru á stigi 3 er tekjufærsla að fjárhæð 48 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2025 (1.1.-31.3.2024: gjaldfærsla að fjárhæð 699 milljónir kr.).

8. Viðskiptakröfur og fyrirfram innheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og staða fyrirfram innheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem smásala er innheimt með jöfnum greiðslum en raunnotkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningsskilareglur.

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Framleiðslu- kerfi	Veitu- kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa- fjármunir	Samtals
31.3.2025					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	389.497.984	484.531.446	15.676.905	6.557.355	896.263.689
Viðbætur á tímabilinu	2.344.254	2.383.802	392.266	414.266	5.534.587
Þýðingarmunur (	7.281.329)	0	0 (	16.141)	(7.297.470)
Selt og aflagt á tímabilinu	0	0	0 (	89.203)	(89.203)
Staða í lok tímabilsins	384.560.909	486.915.247	16.069.170	6.866.277	894.411.603
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	183.562.578	259.398.471	1.354.626	2.632.383	446.948.058
Afskrifað á tímabilinu	2.009.577	1.904.475	52.307	97.734	4.064.093
Þýðingarmunur (	2.049.285)	0	0 (	738)	(2.050.023)
Selt og aflagt á tímabilinu	1	0	0 (	70.990)	(70.989)
Staða í lok tímabilsins	183.522.871	261.302.946	1.406.933	2.658.390	448.891.140
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2025.....	205.935.405	225.132.975	14.322.278	3.924.973	449.315.631
Bókfært verð 31.3.2025.....	201.038.038	225.612.302	14.662.237	4.207.887	445.520.464
31.12.2024					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	375.981.252	465.614.035	13.431.037	5.545.699	860.572.022
Viðbætur á árinu	11.375.835	14.756.516	2.245.868	1.466.593	29.844.812
Endurflokkun eigna	0	0	0 (	89.115)	(89.115)
Þýðingarmunur	2.137.243	0	0 (	50.671)	2.086.572
Selt og aflagt á árinu	3.654 (	50.526)	0 (	315.150)	(362.022)
Endurmat, hækkun	0	4.211.421	0	0	4.211.421
Staða í árslok	389.497.984	484.531.446	15.676.905	6.557.355	896.263.689
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	175.082.753	250.788.956	1.210.036	2.494.006	429.575.751
Afskrifað á árinu	7.898.033	7.373.831	144.591	485.856	15.902.311
Endurflokkun eigna	0	0	0 (	89.115)	(89.115)
Þýðingarmunur	581.786	0	0 (	2.759)	579.027
Selt og aflagt á árinu	6 (	1.671)	0 (	255.606)	(257.272)
Endurmat, hækkun	0	1.237.356	0	0	1.237.356
Staða í árslok	183.562.578	259.398.471	1.354.626	2.632.383	446.948.058
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2024.....	200.898.499	214.825.078	12.221.001	3.051.693	430.996.271
Bókfært verð 31.12.2024.....	205.935.405	225.132.975	14.322.278	3.924.973	449.315.631

Skýringar

10. Óefnislegar eignir

	Hita- réttindi	Hugbúnaður	Þróunareignir	Viðskipta- sambönd	Samtals
31.3.2025					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	1.513.758	6.371.718	727.185	1.908.000	10.520.662
Viðbætur á tímabilinu	0	151.601	96.897	0	248.498
Þýðingarmunur	0	0 (	6.282)	0 (	6.282)
Staða í lok tímabilsins	1.513.758	6.523.319	817.800	1.908.000	10.762.878
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	457.768	3.525.273	77.692	213.860	4.274.594
Afskrifað á tímabilinu	0	149.236	5.620	44.003	198.859
Þýðingarmunur	0	0 (	145)	0 (	145)
Staða í lok tímabilsins	457.768	3.674.507	83.168	257.864	4.473.307
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2025	1.055.990	2.846.446	649.493	1.694.140	6.246.068
Bókfært verð 31.3.2025	1.055.990	2.848.812	734.633	1.650.136	6.289.570
31.12.2024					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	1.478.758	5.521.463	446.062	1.908.000	9.354.283
Viðbætur á árinu	35.000	806.112	259.941	0	1.101.054
Endurflokkun eigna	0	44.142	44.972	0	89.115
Selt og aflagt á árinu	0	0 (	1.449)	0 (	1.449)
Þýðingarmunur	0	0 (	22.341)	0 (	22.341)
Staða í árslok	1.513.758	6.371.718	727.185	1.908.000	10.520.662
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	457.768	2.888.453	20.206	37.847	3.404.275
Afskrifað á árinu	0	592.678	12.786	176.013	781.477
Endurflokkun eigna	0	44.142	44.972	0	89.114
Þýðingarmunur	0 (	0) (	272)	0 (	273)
Staða í árslok	457.768	3.525.273	77.692	213.860	4.274.594
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2024	1.020.990	2.633.010	425.855	1.870.153	5.950.008
Bókfært verð 31.12.2024	1.055.990	2.846.446	649.493	1.694.140	6.246.068

Skýringar

11. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörstigi er jafnt og gangvirði þeirra, fyrir utan vaxtaberandi skuldir sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	31.3.2025		31.12.2024	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	206.862.163	198.325.777	204.556.863	195.716.102

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörstigi. Gangvirði vaxtaberandi skulda þar sem beint eða óbeint markaðsverð er til staðar er metið sem 1. stigs gangvirði. Gangvirði fyrir skuldbindingar sem ekki er unnt að afla beinnar eða óbeinnar verðlagningar er metið sem 2. stigs gangvirði.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörstigi þegar vænt sjóðstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	31.3.2025	31.12.2024
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	6,91% til 7,60%	7,28% til 7,67%
Áhættuvarnarsamningar	4,38% til 4,54%	4,35% til 4,55%
Vaxtaberandi skuldir	1,71% til 9,83%	2,05% til 10,31%

Næmnigreiningar á áhrif breytinga á vaxtastigi, gengi gjaldmiðla og álverði eru sýndar í skýringu 28 með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2024. Bent er á að hafa þessa skýringu til hliðsjónar við lestur árshlutareikningsins þar sem breyting á þessum forsendum hefur talsverð áhrif á ýmsar stærðir í reikningsskilum samstæðunnar.

Stig gangvirðis

Taflan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í reikningsskilin, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleiðt af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru byggðar á gögnum sem ekki er unnt að öllu leyti að afla á markaði. Verðmat á eignarhlutum í félögum er unnið af starfsfólki Orkuveitunnar og ytri sérfræðingum og byggir á afkomu og opinberum gögnum um framtíðartekjur og framtíðarfjárfestingar undirliggjandi eigna.

31.3.2025	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	0	6.230.898	6.230.898
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	730.512	730.512
Áhættuvarnarsamningar	0	52.800	0	52.800
Markaðsverðbréf	12.463.753	0	0	12.463.753
	12.463.753	52.800	6.961.410	19.477.963

31.12.2024	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	0	6.243.980	6.243.980
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	682.667	682.667
Áhættuvarnarsamningar	0	29.584	0	29.584
Markaðsverðbréf	11.594.110	0	0	11.594.110
	11.594.110	29.584	6.926.647	18.550.341

Skýringar

12. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, hlutdeildarfélög, stjórnarfolk og lykilstjórnendur samstæðunnar eru skilgreind sem tengdir aðilar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við samstæðuna á tímabilinu.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2025, ásamt yfirliti um kröfur og skuldir samstæðunnar við þessa aðila í lok tímabilsins. Viðskiptum og stöðum milli félaga innan samstæðunnar er eytt út í samstæðuárshlutareikningnum og því ekki tilgreind. Upplýsingarnar ná ekki til sölu samstæðunnar á hefðbundnum aðföngum til heimilisrexturs viðkomandi aðila.

	2025 1.1.-31.3.	2024 1.1.-31.3.
Sala til tengdra aðila á tímabilinu var eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	414.233	368.582
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	217.664	194.410
	631.897	562.992
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á tímabilinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	6.887	19.244
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	6.146	4.654
Hlutdeildarfélög	29.188	28.683
	42.221	52.581
	31.3.2025	31.12.2024
Kröfur á hendur tengdum aðilum í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	181.443	285.531
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	75.849	50.994
	257.292	336.525
Skuldir við tengda aðila í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	30.527	109.358
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	303	57
	30.830	109.415
	2025 1.1.-31.3.	2024 1.1.-31.3.
Ábyrgðargjald greitt til eigenda á tímabilinu:		
Reykjavíkurborg	74.494	94.246
Akraneskaupstaður	4.402	6.510
Borgarbyggð	743	508
	79.639	101.263

Ábyrgðargjald greitt til eigenda í ofangreindu yfirliti er fært meðal vaxtagjalda í rekstrarreikningi. Sjá umfjöllun um ábyrgðargjaldið í skýringu 7.

Skýringar

13. Önnur mál

Gerðardómur um túlkun ákvæða raforkusamnings við Norðurál

Í apríl 2025 skrifuðu Orkuveitan, ON Power og Norðurál undir nýjan samning um sölu á raforku til álversins á Grundartanga. Samningurinn er til allt að fimm ára og leysir af hólmi eldri raforkusölusamninga á milli Orkuveitunnar og Norðuráls. Samkomulagið felur jafnframt í sér að Orkuveitan og Norðurál leggja af málarekstur fyrir gerðardómi vegna mismunandi túlkunar aðila á ákvæðum fyrri samnings.

Sala á eignarhlut í Landsneti

Undanfarin misseri hefur verið stefnt að sölu eignarhlutar Orkuveitunnar í Landsneti, þar sem í raforkulögum er kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Í árslok 2020 samþykkti stjórn Orkuveitunnar að viljayfirlýsing um breytingu á eignarhaldi Landsnets yrði undirrituð og að ganga til viðræðna um sölu eignarhlutarins. Ekki hefur tekist að ganga frá sölu á hlut Orkuveitunnar þrátt fyrir lagaskyldu þar um. Bókfært verð eignarhlutarins er metið á 6,2 milljarða kr. 31.3.2025. Eignarhluturinn er færður meðal fastafjármuna.

Viðgerð á höfuðstöðvum

Á árinu 2015 komu í ljós alvarlegar rakaskemmdir á húsnæði Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1. Endurnýjun útveggja vesturhúss er lokið og framkvæmdir innanhúss eru hafnar. Orkuveitan hefur gert verksamninga vegna framkvæmda innanhúss í vesturhúsi og hvolfrymi og er heildarskuldbinding vegna þessara samninga að fjárhæð 810 milljónir kr. Áætluð verklok eru í júlí 2025.

Endurgreiðsla aflgjalds vegna innmötunar

Um mitt ár 2024 féll dómur í hæstarétti sem staðfesti að Landsneti hafi verið óheimilt að leggja aflgjald vegna innmötunar á raforku á flutningskerfi Landsnets hf. samkvæmt gjaldskrá nr. 43/2022, á Orku náttúruna ohf. og ON Power ohf. sem raforkuframleiðendur. Gjaldið var innheimt á 17 mánaða tímabili á árunum 2022 – 2023. Í janúar 2025 endurgreiddi Landnet áður innheimt aflgjald. Endurgreiðslan nemur 450 milljónum kr. og er færð til lækkunar á orkuflutningi ársins í rekstrarreikningi.

14. Atburðir eftir reikningsskiladag

Arður til eigenda

Arðgreiðsla að fjárhæð 6.500 milljónir kr. var samþykkt á aðalfundi 11. apríl 2025. Í júní verða greiddar 3.250 milljónir kr. og 3.250 milljónir kr. verða greiddar í ágúst.

Stjórnendum er ekki kunnugt um aðra atburði sem hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags og höfðu áhrif á árshlutareikninginn eða veita þarf upplýsingar um.